

Sp. 266. Tillaga til þingsályktunar [119. mál]

um athugun á björgunarbeltum í íslenskum skipum.

Flm. Karl Guðjónsson, Björgvin Jónsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fram fara athugun á nothæfni björgunarbelta í íslenskum skipum.

Ef sú athugun leiðir í ljós, að einhverjum þessara öryggistækja sé illa treystandi, leggi ríkisstjórnin fyrir skipaeftirlitið að banna hin vafasömu björgunarbelti og krefjast öruggra tækja í þeirra stað.

Greinargerð.

Fregnir hafa horizt um það, að danskar prófanir á björgunartækjum hafi leitt í ljós vanhæfni björgunarbelta af ákveðinni gerð. Með því að líklegt er, að björgunarbelti einmitt af þeirri gerð, sem þar er um ræða, séu algeng hér í skipum, þykir flutningsmönnum nauðsyn til bera, að rannsókn sú, sem tillagan gerir ráð fyrir, fari fram hið bráðasta.

Ef réttar reynast fregnirnar um ófullkomleik þessara björgunartækja, ber að sjálfsögðu að fella niður allar viðurkenningar skipaeftirlitsins á þeim í íslenskum skipum og setja útgerðarfyrirtækjum ákveðinn frest til að búa skip sín björgunarbeltum, sem treysta má að fullu.